

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. október 2013
Tilvísun: UST20131000006/bs

Mat á umhverfisáhrifum - Sjóvarnir á Vatnsleysuströnd. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða annar vegar sjóvörn við Vogatjörn, sem er framhald af vörnum sem fyrir eru. Hins vegar sjóvarnir við Narfakot og Stóra Knarrarnes, hvor sjóvörn verður um 140 m að lengd.

Fyrirhugaðar sjóvarnir eru innan svæðis nr. 111 á náttúruminjaskrá, Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera m.a. „*Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörlífi og gróðri. Tjarnir með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum.*“

Á Vatnsleysuströnd eru víða sjóvarnir. Þeim hefur verið komið fyrir efst á fjörukambi þannig að rask í fjörum hefur verið í lágmarki. Ekki er talið að þessar sjóvarnir hafi neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Við Vogatjörn mun sjóvörn m.a. verja tjörnina fyrir ágangi sjávar. Sjónræn áhrif mannvirkjanna verður lítið nema úr fjöru næst grjótgörðum. Toppur sjóvarna mun ná u.þ.b. 0,5 m upp fyrir núverandi landhæð.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun vill benda á að í tilkynningarskýrslu hefði átt að fjalla á sambærilegan hátt um sjóvarnirnar m.t.t. umfangs og efnismagns.

Virðingarfyllst,
Tom Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur